



Jörundur Kristinsson

heilsugæslulæknir
í Hafnarfirði

formaður Orlofssjóðs lækna

jorundur.kristinsson

[@heilsugaeslan.is](https://twitter.com/heilsugaeslan.is)

Málefni Orlofssjóðs lækna

Seint á áttunda áratug síðustu aldar var um það samið að atvinnurekendur greiddu ákveðið hlutfall af launum launþega í orlofssjóð viðkomandi stéttarfélags. Vinnuveitandi greiðir 0,25% af fullum launum þeirra lækna sem kjarasamningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og St. Franciskusspítala annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar tekur til í Orlofssjóð lækna (OSL). Þetta þýðir að greiðsla til OSL er ekki dregin af launum lækna. Rekstur OSL verður sífellt umfangsmeiri eftir því sem eignum fjölga. Núverandi stjórn tók við skömmu fyrir hrun 2008. Fyrri stjórn hafði leigt íbúðir erlendis yfir sumarið, í Strasbourg, Barcelona og Alicante, og var með heilsársleigu í Kaupmannahöfn. Þessir kostir urðu óheyrilega dýrir við hrúnið og fall krónunnar og sjálfhætt með slíkt. Stjórnin hefur alla tíð einbeitt sér að öflugri uppbyggingu innanlands og farið þar blandaða leið eignar- og leiguíbúða/húsa. Teljum við að með innanlandsáherslu sé fé sjóðsins best varið og flestir njóti góðs af. Fyrir hrun voru umsóknir um sumar-

valkosti um 350 en árin eftir tvöfaldaðist fjöldi umsókna og erfitt reyndist að uppfylla þá þörf sem skapaðist.

OSL á eignir víða um land og hefur stjórnin haft að leiðarljósi að eignir sem sjóðurinn kaupir séu með góðu aðgengi fyrir aðila með skerta hreyfifærni. OSL á blokkaríbúð í Ljósheimum og nýjasti sumaríbústaður sjóðsins er í Svignaskarði, tekinn í notkun 2015. Einn bústaður er í Húsafelli og tveir við Hreðavatn. Á Akureyri á sjóðurinn íbúð á jarðhæð í keðjuhúsi í Skálatúni og á döggunum voru fest kaup á annarri nýlegri íbúð þar, á jarðhæð í fjórþýlishúsi í Hólmatúni sem fer í leigu á næstu vikum. Á Kirkjubæjarklaustri á OSL gott einþýlishús á einni hæð. Í Brekkuskógi eru þrjár bústaðir sjóðsins, byggðir 2007, 2008 og 2012, og í Vaðnesi eldri vinalegur bústaður. Samtals eru þetta 12 eignir.

Í gegnum tíðina hefur páska- og sumarúthlutun verið langvinsælust og á sumrin höfum við náð að bæta við eignarkostina nokkrum leigukostum. Í sumar verður sjóðurinn með bústað á leigu í

Svarfaðardal, tvo bústaði á Egilsstöðum, íbúð í Vestmannaeyjum og hús á Suðureyri. Alls verða því 17 valkostir í boði í sumar.

Úthlutunarkerfi OSL byggist á punktastöfnun. Fjöldi punkta ræður forgangi að sumri og um páska. Félagsmenn fá 12 punkta fyrir útskriftariði og síðan 12 punkta á ári. Ekki eru veittir punktar eftir 70 ára aldur nema menn séu í fullu starfi og greiði í Orlofssjóð. Á því ári sem félagar ná 70 ára aldri fá þeir 70 punkta. Punktafrádráttur er eingöngu að sumri og um páska og er hann 36 punktar (þrjú ár) fyrir hverja úthlutun. Utan sumartímabils og páska er aðgengi allra sjóðfélaga jafnt og enginn punktafrádráttur.

Bókunarvefurinn Frímánn var tekinn í notkun árið 2014 og samhliða var útgáfu Orlofsbæklings hætt. Vefurinn gerir líka kleift að setja inn nýja valkosti með skemmi fyrirvara en áður.

Umgengni um hús er yfirleitt til fyrirmyndar, en á því er þó stundum misbrestur. Umsjónarmaður lítur yfir húsið eftir að gestir fara úr húsi. Gestir þrifa sjálfir og þess er vænst að þeir skilji við húsið eins og þeir myndu vilja taka við því. Ef eitthvað vantar í hús, skemmist eða gengur úr sér er mikilvægt að koma þeim upplýsingum til umsjónarmanns eða á skrifstofu LÍ. Framleiga húsa/íbúða er alfarið bönnuð.

OSL dafnar og vex, eignunum fjölga og ekki sér fyrir endann þar á. Markmiðið er að fá góða nýtingu helst allt árið á þeim húsum sem við eigum en fylla upp í á sumrin með valkostum á öðrum svæðum.

Ég vil í lokin minna á að síðasti dagur til að sækja um páskaúthlutun 2017 er 6. mars og fyrir sumarúthlutun 11. apríl.

Orlofskostir Læknafélags Íslands 2017



Nýjasta viðbóttin hjá Orlofssjóði er þriggja herbergja íbúð á Akureyri.